

**ÚRDRÁTTUR**  
**eða**  
**DRÖG**

Ég vil byrja á því að segja frá skoðun okkar kvennalistakvenna hér í Garðabæ. Við teljum það allt í lagi (sjálfsagt) að kvennalistakonur bjóði fram með öðrum í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum í litlum bæjarfélögum eins og t.d. í Garðabæ. En við erum andvígur samframboðum í alþingiskosningum. Við teljum þetta tvennt vera ólíkt og megi ekki blanda þessu saman. Það hefði aldrei komið til greina að við hefðum boðið fram einar. Til þess liggja nokkrar ástæður:

1. Við erum allt of fáar í framboðinu, vorum einungis 5 konur er störfuðu og þar af 3 á fullu.
2. Við vorum óreyndar eða óvanar þó það hvarfli nú ekki að okkur að fela okkur á bak við eithvert reynsluleysi. Við þekktum ekki hvor aðra, ekki einu sinni í sjón.

Pegar við vorum beðnar að koma til samstarfs vorum við undir miklu álagi eða mikilli pressu. Tíminn var naumur, annað hvort var að hrökkva eða stökkva. Við stukkum. Óneitanlega urðu úrslitin vonbrigði en höfðu sínar tvær hliðar eins og önnur mál. Bjarta hliðin var sú að við kvennalistakonur fengum 1 varabæjarfulltrúa, 1 fulltrúa í félagsmálaráð, 1 varafulltrúa í skólanefnd fjölbrautaskólans, 1 varafulltrúa í heilbrigðisnefnd, en sú kona situr fyrst um sinn sem aðalfulltrúi. Þannig að nú ættum við að geta haft áhrif á gang bæjarmála.

Dökka hliðin er sú að sjálfstæðismenn náðu 5 mönnum af 7 í bæjarstjórn. Þeir unnu mann er þeir töpuðu í síðustu kosningum, enda smöluðu þeir grimmt. Við höfum meiri áhyggjur af þeim er sátu heima, Hverjir voru það?

Við kvennalistakonur héldum fund eftir kosningarnar og þar kom fram sú skoðun að við hefðum viljað hafa einhvers konar prófkjör, þannig að við hefðum getað haft áhrif á það hverjir væru á listanum frá konum. Ástæðan er sú að mikil óánægja virtist vera með 1. mann listans, er var reyndar kona. Hún kom illa út (t.d. á myndum). Framsóknarmenn voru ekki fullvissir um að hún væri framsóknarkona o.s. frv.

Einu verulegu áhyggjur okkar voru fjárhagsáhyggjur. Og þessar áhyggjur hrjá okkur enn. Það er beðið eftir því að við borgum.

Í ágúst stendur til að stofna bæjarmálfélag og byrja strax að plægja akurinn fyrir næstu kosningar.

**Ella K. Karlsdóttir**